

Miðvikudaginn 30. nóvember 1949.

Nr. 64/1949. **H/f Shell á Íslandi** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Blönduósshreppi (Theodór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson

í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. marz 1949, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn í Hæstarétti, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan kostnað málsins, eins og það væri ekki gjafvarnarmál.

Áfrýjandi á benzín- og olíusölutæki þau, sem notuð eru til afgreiðslunnar á Blönduósi, og eru þau að nokkru á eigin lóð áfrýjanda og að nokkru á landi, sem hann hefur tekið á leigu. Samkvæmt samningi áfrýjanda og sölumanns hans á Blönduósi hlítir sölumaðurinn ákvörðunum áfrýjanda um útsöluverð benzínsins og olíunnar og annast söluna gegn tiltekinni þóknun. Hins vegar ber sölumaðurinn ábyrgð á birgðum þeim, er hann veitir viðtöku, nema spjöll verði á þeim af óviðráðanlegum orsökum. Einnig ber hann ábyrgð á skilvísri greiðslu á andvirði hinna seldu vara.

Að formi til fjallar samningur þessi að vísu um verzlunarsýslu, en hins vegar er það nú leitt í ljós, að raunverulega er þetta samband áfrýjanda og sölumannsins með þeim hætti, að telja verður sölumanninn starfsmann áfrýjanda, að því er nefnda sölu varðar. Ber því að líta á umræddan rekstur áfrýjanda sem heimilisfasta atvinnustofnun hans í Blönduósshreppi, og var hann þess vegna útsvarsskyldur þar samkvæmt a-lið 2. málsg. 8. gr. laga nr. 66/1945. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda kr. 1000.00 í málskostnað í Hæstarétti, þar af kr. 700.00 til talsmanns stefnda hér fyrir dómi.

Það athugast, að fógeti hefur, andstætt ákvæðum 3. málsg. 185. gr. laga nr. 85/1936, látið ódæmda málskostnaðarkröfu stefnda.

Dómsorð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Shell á Íslandi, greiði stefnda, Blönduósshreppi, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, þar af kr. 700.00 til talsmanns stefnda, Theodórs B. Líndals hæstaréttarlögmans.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 1. marz 1949.

Oddviti Blönduósshrepps krefst lögtaks hjá h/f Shell á Íslandi, útsölu þess á Blönduósi, til tryggingar og lúkningar útsvörum, lögðum á nefnt félag af hreppsnefnd Blönduósshrepps á árunum 1947 og 1948, samtals að upphæð kr. 3462.00 ásamt áföllnum vöxtum til síðustu áramóta, að viðbættum 6% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og að auki málskostnaðar að skaðlausu.

Umboðsmaður gerðarþola, sölumaður hans hér á staðnum, Kristinn Magnússon kaupmaður, hefur mótmælt framkvæmd gerðarinnar með þeim rökum, að hér sé aðeins um umboðssölu að ræða, sem ekki sé útsvarsskyld.

H/f Shell á Íslandi hefur um alllangt árabil haft benzinútsölu á Blönduósi og látið afgreiða það frá eigin geymi á eigin leigulóð, er það greiðir árlega af fasteignaskatt og lóðarleigu. Benzínið (ásamt smurningsolium o. fl., svo sem venja er á slíkum útsölum) hefur verið afgreitt af ráðnum sölumanni, Kristni Magnússyni, kaupmanni á Blönduósi, er hefur fengið fyrir afhendinguna tiltekinn aurafjöldi á hvern lítra. Ber sölumaður hvorki ábyrgð á birgðum né rýrnun þeirra. Hins vegar ber hann ábyrgð á andvirði þess benzíns, er hann afhendir gegnum mæli geymisins.

Fógetaréttur litur svo á, að skv. a-lið og b-lið 8. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, sé h/f Shell á Íslandi útsvarsskyld á Blönduósi vegna útsölu-starfsemi sinnar þar og eignar og notkunar lóðarréttinda. Þykir því verða að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, oddvita Blönduósshrepps, um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Því úrskurðast :

Hin umbeðna lögtaksgerð á að njóta framgangs.